



Alþingi  
Erindi nr. P 130/2352  
komudagur 5.5.2004

Nefndasviði, 5. maí 2004.

Félagsmálanefnd Alþingis,  
hr. Hjálmar Árnason formaður.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun i jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Minni hluti menntamálanefndar telur full efni til að nefndin fjalli um þingsályktunarillögu um áætlun i jafnréttismálum til fjögurra ára á þskj. 1331, 873. mál, eins og félagsmálanefnd hefur óskað eftir. Þar sem það er lögbundið hlutverk allra ráðuneyta að gera tillögu til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáform i jafnréttismálum, er ekki nema eðlilegt að nefndir þingsins komi að því að skoða þau framkvæmdaáform sem heyra undir viðkomandi nefnd eins og gerð er grein fyrir þeim i tillögunni.

Það er mat minni hlutans að almennt vanti forgangsröðun i einstaka kafla tillögunnar, en slíkt er forsenda fyrir því að háleit markmið hennar náist. Kaflinn um menntamálaráðuneytið hefur, að mati minni hlutans, að geyma afar spennandi áform, sem öll eiga það skilið að fá framgang. Sérstaklega er ástæða til að fagna þeirri áherslu á jafnréttisfræðslu sem kemur þar fram. Hins vegar saknar minni hlutinn þess að kynjarannsóknir skuli þar hvergi nefndar. Slíkt er sýnu alvarlegra i ljósi þess að 1. gr. laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 96/2000, gerir sérstaklega ráð fyrir að efla þurfi rannsóknir i þeim fræðum.

Varðandi einstök verkefni þá telur minni hlutinn að i skilgreiningu verkefnisins „Konur i visindum“ (32) skorti mikið á að litið sé nægilega vítt yfir sviðið. Þar virðist eiga að leggja höfuðáherslu á konur sem starfa að rannsóknum hjá fyrirtækjum en ekki er getið um konur sem sinna vísindastarfi innan háskólasamfélagsins. Það er afar brýnt að menntamálaráðuneytið standi fyrir öflugum rannsóknum á sviði menntamála út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og þyrftu slík verkefni að vera tilgreind i áætluninni. Slíkt á einnig við um jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar (36), þar þyrfti að gera ráð fyrir rannsóknarþættinum og einnig ætti að kanna möguleikann á að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga við það að jafnréttissjónarmiða sé gætt innan félaganna við útteilingu fjáris.


Varðandi verkefnið „Styrkir til jafnréttisfræðslu...“ (35) er rétt að vekja athygli á því að ekki er gert ráð fyrir öllum skólastigum þar sem háskólastigið vantar. Minni hlutinn telur að ráða þurfi bót á þessu. Þá gagnrýnir minni hlutinn verkefnið „Konur og fjölmiðlar“ (37) þar sem ráðast á i könnun um þátttöku kvenna i fjölmiðlum. Það verður að telja óþarft að framkvæma enn eina könnunina, réttara væri að hefja strax markvissar aðgerðir til að auka hlut kvenna i fjölmiðlum á grundvelli þeirra kannana og rannsókna sem þegar liggja fyrir um þessi mál.

MENNTAMÁLANEFND



Að lokum vill minni hlutinn gagnrýna að í áætluninni skuli ekki getið fjölda skýrslna, rannsókna og kannana um jafnréttismál, sem liggja fyrir og ættu að vera mikilvæg undirstaða fyrir það starf sem áætlað er að fari fram á næstu fjórum árum. Oft vill það gleymast hversu mikill efniviður er til um jafnréttismál en það verður til þess að stöðugt er frestað markvissum aðgerðum til úrbóta. Okkur er fullkunnugt um það hvert ástandið er, nú er tími aðgerða - markvissra aðgerða sem framkvæma þarf á grundvelli þeirra rannsókna, kannana og skýrslna sem liggja fyrir.

f.h. minni hluta menntamálanefndar  
(KolH, ÞjörgvS, KJúl, MÁ)



---

Sigrún Brynja Einarsdóttir  
nefndarritari

MENNTAMÁLANEFND